

Fundur stjórnar og formanna aðildarfélaganna FHB

haldinn í Bændahöllinni þri. 21. febrúar 2012 kl. 11:15

Mætt voru:

Frá stjórn: Kristinn Guðnason, formaður FHB, Sigbjörn Björnsson, varaformaður FHB, Vignir Sigurðsson, gjaldkeri FHB, Magnús Jósefsson, ritari FHB, Ólafur Einarsson, meðstjórnandi FHB og Hulda G.

Geirsdóttir, framkvæmdastjóri FHB, sem ritar fundargerð.

Frá aðilarfélögum: Sveinn Steinarsson, Jósef Valgarð Þorvaldsson, Indriði Karlsson, Ingimar Ingimarsson, Ríkhartur Hafdal, Sigurður Jökulsson og Birna Hauksdóttir.

Kristinn Guðnason formaður setti fundinn og þakkaði fundarmönnum fyrir að bregðast vel við fundarboði með stuttum fyrirvara og bauð alla velkomna. Rakti fyrst meginefni fundarins:

Forsagan er sú að undanfarin tvö mót hafa margir talið að Landsmótin væru orðin of löng og sýnileiki kynbótahrossanna ekki nægur. Sérstaklega keyrði um þverbak á síðasta LM þar sem yfirlitssýningar fóru langt fram úr tímaáætlunum. Í fundarferð landsmótsnefndar sl. haust kom mjög skýrt fram að menn voru ósáttir við þetta.

Fagræð hafði því það verkefni á borðinu að finna leiðir til að spara tíma og gera kynbótahrossin sýnilegri, stækka sýningargluggann á LM.

Fyrstu hugmyndir voru að hafa bara dóm – ekkert yfirlit. Stjórn FHB hugnaðist það ekki alls kostar en þar komu fram hugmyndir um einhvers konar yfirlitssýningu eða „show“ sem þó væri opin til hækkunar.

Á fagræðsráðstefnunni sl. haust var svo leitað til fundarmanna og þeir settir í vinnuhópa sem unnu ýmsar hugmyndir. Þetta tókst vel.

Fagræð fór síðan í það í kjölfarið að reyna að vinna úr þeim hugmyndum sem komu út úr ráðstefnunni. Það sem var sammerkt úr öllum hópunum var að allir lögðu til að ferðum yrði fækkað til að spara tíma.

Með breytingatillögu sinni var fagræðið að hugsa um sýnileikann – ná meiri sýnileika þegar inn í landsmótið er komið – frá fimmtudegi. Það þurfti líka að skoða lagalegt svigrúm til breytinga og fagræði er heimilt að gera slíkar breytingar sem tilraun og á þeirri stoð var þessi tillaga byggð.

Fækka ferðum í 8 í dómi, yfirlit á hringvelli og beinni braut, þrír hringir og tvær ferðir á beinni braut, þ.e. fram og til baka.

Ávinningur – fyrst og fremst að hrossin myndu sýnast miklu betur fyrir áhorfendur, mun áhorfendavænna. Miðað við gefnar forsendur (tímar úr gæðingakeppni) ætti þetta að spara tíma. Að auki var horft til áverka og fjölda þeirra í sýningum.

Einnig var ákveðið að hross sem fá áverka 2 fái ekki einkunn í fordómi, hross sem hljóta slíkan áverka í yfirliti fái ekki hækkun á yfirliti, en halda fordómnum og hross sem fá slíkan áverka fái ekki verðlaun þó dómur þeirra hafi raðað þeim í efstu sætin.

Kristinn sagði það mistök af hálfu þeirra Guðlaugs að kynna málið ekki betur strax – ætluðu að gera það í fundarferðinni – og að gefa það út að gerð yrði tilraun, en umræðan fór í raun fram úr þeim.

Aldrei verið ætlunin að skemma fyrir kynbótahrossum. Hins vegar er búið er að ákveða að stytta mótið, en grasrótin vill ekki fækka kynbótahrossum og því verður að finna leiðir til að gera þetta. Óbreytt form gengur ekki upp í þessari formúlu.

Kristinn fór betur yfir þær hugmyndir sem komu fram í hópunum á ráðstefnunni og var samantekt af þeim dreift til fundarmanna.

Indriði: Vandamál að sýna mismunandi gangtegundir – hugnast þetta ekki nógu vel. Vill frekar að hert verði á sýningastjórn – afmarka brautina enn betur. Vísaði í hugmyndir sem teknar hafa verið saman í grein á Eiðfaxavef. Vill sjá að hætt verði að verðlauna fasta reiðmennsku og „eimreiðarsýningar“ – komið á fullu inn, riðið langt út fyrir til að snúa. Þessi reiðmennska er ekki að skapa hross sem auðvelt er að selja. Sammála Kristni um að gera þurfi sýningarnar hestvænni, en er þó skeptískur á að gera þetta svona hratt og með þessum hætti. Hefði þó litist betur á svona útfærslu í fordómi, þar sem einn er inn á.

Jósef Valgarð : Segir það að ákveðið skuli hafa verið af fagráði – ekki lagt til – slæm kynning. Gerði athugasemdir við fundarboðið og sagðist ekki sjá hvers vegna væri svo brýnt að funda með mjög stuttum fyrirvara vegna þessa máls. Segir fordæmi allt frá 1974 fyrir annars konar kynbótasýningum á LM en á héraðssýningum, ýmsar breytur þar, þannig að fordæmi er fyrir því. Benti líka á að ekki er greitt fyrir sýningu á LM.

Hans hugmynd er að dómur sé hefðbundinn, tíu ferðir, engin yfirlitssýning, heldur bara kynning á hrossunum.

Eða að stytta yfirlitssýninguna. Fannst athyglisvert að fundurinn á Ingólfshvoli talaði mest um tímasparnað, sem þó er óljós, einnig að leita væri verið að besta reiðmanninum þarna, en ekki besta hestinum. Svo er talað um samanburð og stöðlun, en á sama tíma er verið að bera saman dóma um allan heim þar sem bakgrunnur og menntun dómnefnda er mismunandi.

Sigurður Jökulsson: Óþarfi að breyta því sem virkar, en hann leitaði þó ráða hjá ýmsum. Umræðan er komin í stríðsástand, of stuttur tími til stefnu fyrir LM núna. Menn orðnir mikið á móti þessu áður en að því er komið. Telur ekki hægt að spara almennilega tíma á LM nema með því að fækka hrossunum. Telur að betri tíma þurfi til að undirbúa svona stórar breytingar.

Birna: Heyrði einnig í fólki á sínu svæði og þar voru allir á því að ekki ætti að prufukeyra svona á landsmótsári – sýningarmenn telja meiri áhættu á áverkum á hring – ekki hægt að keyra mörg hross saman á hring, mismunandi hraði og mismunandi gangtegundir. Hræddir um að dómarar höndli þetta ekki. Hrossin ættu að fá tækifæri til að sýna það sem í þeim býr. Feti mætti sleppa, búið að sýna í bæði héraðssýningu og fordómi. Sleppa elstu hryssunum – allir vilja sjá ungu hrossin. Alls ekki sleppa 4vetra hrossunum, þau vilja allir sjá.

Hægt væri að tvískipta mótinu – gæðingar / kynbótahross, hægt að hafa bara yfirlitssýningu á LM.

Spurði hvort dómarar ættu að vera að dæma hross keppinauta sinna? Sumir vilja að dómarar séu ekki virkir í hrossarækt, öðrum finnst þeir þurfa að vera það til að hafa vit á þessu.

Gæti verið sniðugt að hafa „línuverði“ á brautarendum sem myndu passa afmörkun og gefa knöpum góð ráð, telja ferðir.

Ekki sanngjarnt að allir ríði upp á sömu hönd. Hringvöllurinn er þó kostur fyrir mjúku hestana.

Ríkharður: Flestum sem hann ræddi við leist frekar vel á að prófa þetta. Mönnum finnst óþarflega mikill hiti í umræðunni og búið að dæma fyrirkomulagið til dauða fyrirfram. En hins vegar kannski ekki sniðugt að prófa þetta á LM. Staðreyndin er engu að síður sú að fullt af fólki nennir ekki að horfa á

kynbótahrossin og gott væri að finna áhorfendavænni leiðir í þessu. En sennilega betra að prufa á árinu á milli landsmóta.

Sveinn: Kynningin á LM er mikilvæg – yfirlitið er stór gluggi og þar þarf að takast vel til. Hefur gengið vel í gegnum árin af því hrossin hafa fengið það gott pláss hvert og eitt. Lykilatriði að hross komist vel í gegnum mótið og standi undir einkunnum. Því er mikilvægt að þau séu sýnd við sömu aðstæður og í fyrri dómi.

Hópavinna á ráðstefnu er góð þróun sem gæti verið hægt að nýta betur. Telur að ekki hefði verið nefnt í hópunum núna að ferðunum yrði fækkað um tvær ef umræðan hefði snúist um að breyta yfirlitssýningunni. Fór yfir punkta úr fundargerð fagraðs og benti þar á punkt sem allir taka undir, þ.e. að skerpa á utanumhaldi og stjórnun sýninganna og þar er verk að vinna. Það þarf að vanda sig við breytingar – ekki úr vegi að hugmyndir forystumanna í FHB og fagraði séu sendar á formenn aðildarfélaganna og þeir kanni sitt bakland. Hlutirnir fá andrými og skoðun áður en þeir eru ákveðnir, ekki eftir ákvarðanatöku. Enn er munur á stöðlun sýningarsvæða og við þurfum líka að hafa áhrif á aðstæður erlendis sem stundum eru allt aðrar en hér þekkjast.

Töluvert af hrossunum mun hvort eð er koma fram á hringvelli, t.d. í verðlaunaafhendingu.

Verður að takast að halda utan um afmörkun brauta osfrv. Virkja knapa í því máli.

Menn hafa litla trú á því að hægt verði að sýna ólíkar gangtegunder á mismunandi hraða. Hvernig geta dómarmar horft á öll hrossin á sama tíma að gera mismunandi hluti?

Mjög mikilvægt að tilkynna hækkanir samstundis, mikið lagt að hrossunum og gott fyrir knapa að vita hafi hann náð ákveðinni einkun.

Kynbótasýningar um allan heim þurfa að vera staðlaðar þegar kemur að menntun dómara – kröfur aðrar hér en úti.

Tillagan af fundinum um daginn kemur til fyrst og fremst sem mótvægi við hugmyndir fagraðs. Þrátt fyrir hana vilja menn helst halda sýningum óbreyttum og taka betur utan um þær. Varðandi tímasparnað þá þarf LH líka að taka til í sínum ranni. HSS hefur skipað starfshóp um málið og Sveinn sagðist vona að fleiri myndu gera slíkt hið sama. Búa til kjöt á beinin fyrir forystuna. Mikilvægt að við gerum breytingar í sátt. Helber dónaskapur að ætla að þagga niður í fólki með reiðilestri á fundum – gengur ekki að ætla að kæfa umræðuna og hrossaræktarráðunautur hafi farið langt yfir strikið í samskiptum sínum við fundarmenn á fundi HSS um daginn.

Ingimar: Sammála því að mikilvægt sé að breytingar séu gerðar í sem mestri sátt. Fannst það ágæt tillaga að fækka ferðum og yfirlitssýning á LM er afleitt dagskráratríði sem slík, eins og hún hefur verið.

Hringvallarhugmyndin virðist hins vegar hrella marga og fólk ekki hrifið af því að gera tilraunir á LM.

Sýnist að við séum búnir að missa þetta tækifæri núna, fyrir LM 2012.

Snýst um að stytta tíma og gera áhorfendavænna, en ekki síður er mikilvægt að gera þetta hestvænna.

Það leysum við ekki með einni yfirlitssýningu á LM. Þurfum að horfa fram á veginn í þeim málum.

Sér fyrir sér að hross fari í dóm á LM – tíu ferðir, en ekkert yfirlit. Svo kæmi úrvalssýning á hápunkti dagskrár þar sem bestu hrossin kæmu fram. Skemmtilegt fyrir áhorfendur.

Ef við erum að tala um óbreytt form þá mætti fækka ferðum í fordómi, afmarka braut og setja „línuverði“ við báða enda. Láta alla ríða fetið á sama tíma í yfirliti. Svona mætti ná betri stjórn á hlutunum svo knaparnir séu ekki að leiða þetta og stýra sýningunum. Láta bíða eftir sér og ríða langt út

fyrir braut.

Hvað með hugmynd úr hópavinnu varðandi færri hross á yfirlit?

Magnús: Man yfirlitssýningar á hring og það var ólíkt skemmtilegra á að horfa. Ljóst að það verður að breyta þessu. Yfirlitið á síðasta LM var ekki bjóðandi fólki til áhorfs. Vill fá betri kynningu á hrossunum. Heldur að enn sé hægt að prófa þetta á landsmóti á amk. tveimur elstu flokkunum. Spurning um að prófa þessa millileið. Dómarar geta alveg fylgst með þessu, það má þá bara fjölga dómurum. Heyrir það oft frá fólki sem starfar í dómþalli að menn mættu nú alveg sleppa síðustu ferðinni, hún er ekki alltaf til að bæta dóminn.

Vignir: Tók undir með Magnúsi, er hlynntur því að hluti af sýningunni verði á hringvelli, hvort sem það verður núna á LM eða þróað áfram. Fagráð fór kannski svolítið bratt í þetta, umræðuhópurinn á ráðstefnunni var bara að henda fram tillögum, ekki mikil rannsóknarvinna þar á bakvið. Mikilvægt að þessi vinna haldi áfram og hugmyndirnar áfram þróaðar.

Ólafur: Telur enn tíma til að halda svona prufu og láta á það reyna hvort þetta fyrirkomulag nýtist á komandi landsmóti .

Sigbjörn vill stórbæta utanumhaldið um sýningarsvæðið, fækka ferðum í níu og fimm og opna hringvöllinn fyrir þá sem vilja nota hann. Núna tekur hvert hross 17 mín á LM dómur og yfirlit. Góð hugmynd að láta einn fara út öðru megin og annan inn hinum megin, skapar flæði. Sleppa fetinu á yfirliti.

Kristinn sagði að hann hefði strax slegið það af að færri hross kæmu á yfirlit. Greinin myndi aldrei samþykkja það að mismuna fólki. Sum hross koma kannski bara í dóm á sunnudegi þegar enginn er á svæðinu og fara svo bara heim.

Kristni finnst fetið mjög mikilvægt og það þurfi að sýna. Hins vegar væri kannski leið að sýna fetið á afmörkuðum stað eða á sama tíma. En svona reglur bitna auðvitað á frjálsleikanum – viljum við það?

Mætti e.t.v. skoða „millileið“ sem Magnús nefndi – þ.e. elstu flokkarnir fari inn á hringvöllin, en þeir yngri óbreyttir.

Baklandið er vissulega mikilvægt, en mætti ekki velta fyrir sér hvort miklar framfarir hefðu orðið ef alltaf þyrfti að kanna allt bakland fyrir hverja ákvörðun?

Það er ekki boðlegt að kynbótasýningar séu á undanhaldi á LM hvað áhorfendur varðar. Knaparnir hafa margir tileinkað sér þessar sýningar, á meðan margir eru ekki sáttir við framgöngu þeirra í sýningunni. Stundum verðum við að standa í lappirnar. Efast ekki um að knaparnir geti sýnt hrossin á hringvelli. Og efast ekki um að góðu hrossin sem náð hafa inn á landsmót geti leyst þetta verkefni.

Þó fagráð hafi gert mistök í þessu ferli þarf samt að passa að gera þá ekki einhver önnur mistök í staðinn. Finnst allir fundarmenn vilja í kjarnann sjá kynbótahrossin sýnast betur.

Finnst slæmt að heyra að knapar séu hugsanlega að skemma fyrir hvor öðrum. Þetta er bara keppni segja sumir. eru ekki minni líkur á því að slíkt gerist á hringvelli beint fyrir framan áhorfendur?

Fá ekki bestu hrossin að njóta sín betur í þessari umgjörð? Einhver hross standa sig ekki, en sum munu gera það. Ætti ekki umhverfið að sýna þau hross sem eru gölluð – ekki framsækin, ekki viljug, ekki þjál. Og leyfa hinum að njóta sín.

Er eðlilegt að knaparnir stýri umræðunni? Stýri umhverfinu, stýri því hvernig brautir eru mótaðar, þrengdar osfrv.?

Sveinn: Sagði Kristinn þurfa að hlusta á það sem fólkið í greininni vill. Ekki nóg að boða til fundar formsins vegna og heyra svo ekki það sem fólk hefur fram að færa. Benti á ýmsar hugmyndir sem nú hafa verið lagðar fram. Vill að fagráð leggi sitt mál til hliðar, gefum okkur tíma til að ræða þetta.

Magnús: Sagði sína tillögu hafa verið framlag til að höggva á þennan hnút, miðlunartillaga. Ekkert lýðræði að keyra allt til baka – fleiri en hann sem fannst hringvallarformið koma til greina í einhverri mynd.

Kristinn: Sagði fleiri en sig á fundinum telja að breytinga væri þörf – mest hefur verið talað um ungu hrossin og tillaga Magga leysti það, með því að taka þau út úr dæminu. Margbúin að taka það fram að það hafi verið mistök hjá fagráði að segja að um ákvörðun hafi verið að ræða – heldur var um tilmæli að ræða, eða stefnt að því að breyta.

Indriði: Telur andstöðuna við þetta mál á þessum tímamarki það mikla að varla sé hægt að ákveða að stíga þetta skref. Skynsamlegast að gera prufu.

Kristinn sagðist ekki ætla að ákveða neitt á þessum fundi, en hann vill gjarna fá einhverja leiðbeiningu og hugmyndir til áframhaldandi úrvinnslu. Telur tillögu Magga koma þar til greina, þar með eru ungu hrossin utan breytinganna og svo yrði verkefnið unnið áfram. Það yrðu þá kannski 1/3 hrossanna sem kæmu inn á hringvöllinn.

Maggi: Sá ekki fyrir sér að þessi fundur myndi samþykkja sína tillögu en að hún skapi nýjan umræðugrundvöll.

Sveinn: Förum þá með þetta á nýjan stað í umræðunni. Kynnum nýja hugmynd og vinnum þaðan. Munum að heyra í fólki og ekki fara inná fundi með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvað eigi koma út úr þeim.

Ingimar: Ekki má gleyma því að menn eru mikið að verja sína eigin hagsmuni í umræðunni. En aðalatriðið ætti auðvitað að snúast um hagsmuni heildarinnar og hvernig við kynnum okkar hest. Einnig virðist sem kynbótadómurinn sé hættur að selja hross, árangur í hringvallargreinum vegi þar miklu meira.

Sigbjörn: Annar vinkill, segir útlendinga hafa sótt í kynbótasýningar vegna þeirra staðfestu sem þeim hefur fylgt. Ekki mikið um breytingar. Við erum í grandskoðun erlendis frá – við erum að fá alls konar undanþágur til tilrauna og það má passa sig á því.

Indriði: Ekki eðlilegt að nokkrar knapar geti bara sýnt hross til alvöru einkunna. Þurfum að ná betur utan um sýningarnar og reiðmennskuna.

Ólafur spurði Svein hvort hann teldi að þessari umræðu ætti bara að vísa á bug eins og er? Sveinn sagði það sína skoðun, en nú liti hins vegar út fyrir að út af þessum fundi fari hugsanlega ný hugmynd –tillaga til skoðunar fyrir LM, og þá verða menn að kynna hana og setja hana í umræðuna, fyrir fundarferð.

Kristinn: Finnst of lítið um það að knapar sem tamið hafa sér þrúðmannlega reiðmennsku uppskeri í dómum.

Telur núverandi vallaraðstæður ekki góðar fyrir hross, ágrip mun meiri á kynbótavelli en á hringvelli sbr. LM síðasta sumar.

Kristinn spyr hvort fundurinn telji að þeir geti talað fyrir því í hringferðinni að skoða þessa miðlunartillögu?

Sveinn sagðist hafa skynjað það þannig á fundinum að menn væru ekki að horfa til breytinga á þessu landsmóti.

Hulda dró saman fyrir fundarmenn þær niðurstöður sem segja mætti að samstaða væri um:

-Allir sammála um að herða þurfi verulega á utanumhaldi og rennsli kynbótasýninga.

-Allir sammála um að við séum ekki komin á endastöð varðandi þróun kynbótasýninga.

-Mikilvægt að þau mál sem fagrað fer af stað með fái góða kynningu.

Kristinn mun kynna hugmyndina um þessa „millileið“ inni í fagraðinu og svo mun umræðan halda áfram í fundarferðinni. Tillagan sem slík kemur þó ekki frá fundinum, heldur er einungis innlegg í umræðuna og ef Kristinn vill kynna hana þá geri hann það undir eigin merkjum.

Hulda sagði frá hugmyndum um miðlægan sölugrunn á netinu sem barst til FHB. Í framhaldinu leitaði hún til 25 aðila sem stunda hrossasölu á netinu og kynnti hún niðurstöðum lítillar könnunnar sem hún gerði hjá þeim. Níu aðilar af 25 svöruðu, sem er vísbending um lítinn áhuga á málinu, og voru skoðanir þeirra aðila mjög mismunandi hvað þörfina á slíkum gagnagrunni varðar. Hins vegar fannst nánast öllum þeim er svöruðu að nýta mætti WF mun betur, t.d. með því að hlaða inn myndum og myndböndum í heimarétt og mega merkja hross þar til sölu.

Stjórn falið að vinna málið áfram út frá þessum niðurstöðum.

Kristinn talað um uppfærslu tölvukerfa BÍ og kostnað af þeim, en leitað hefur verið til félagsins varðandi þann kostnað. Stjórn mun kynna sér málið frekar.

Að lokum þakkaði Kristinn góðan fund og sleit fundi kl. 16.

HGG/hgg